

Fundargerð 2. stjórnarfundar, starfstímabilið 2010-2012

fimmtudaginn 15. apríl 2010. Fundur hófst kl. 17 í fundarsal A Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Sigurður Ingvarsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson (fram til kl. 18:55) og Felix Sigurðsson. Einnig sat Jónas Egilsson framkvæmdastjóri fundinn.

Stefán Halldórsson formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 1. fundar. Ritari og framkvæmdastjóri lögðu til að þeim yrði falin ritun fundagerða sem yrðu sendar stjórn til samþykktar fyrir birtingu á heimasíðu FRÍ. Samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
 - 2.1. Framhald umræðna frá 1. fundi. Ljóst er að þörf er á um 3 m.kr. fjáröflunar á starfsárinu og þörf er á að fara í endurskoðun fjárhagsáætlunar. Vísað til fjárhagsnefndar.
 - 2.2. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir kostnaði og möguleikum á útgáfu sérstaks frjálsíþróttablaðs. Hannes ræddi einnig hugmynd um fjallahlaup.
 - 2.3. Keppnisbúningar. Formanni, framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra landsliðsmála falið að koma með hugmyndir fyrir næsta fund.
3. Fjáröflun og samningar.
 - 3.1. Starfsmannamál. Formaður greindi frá umræðum innan stjórnar milli formlegra funda. Skv. því var samþykkt tillaga að ráðningarsamningi við Jónas Egilsson sem framkvæmdastjóra FRÍ og Þórunni Erlingsdóttur sem verkefnisstjóra unglíngamála.
 - 3.2. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu samninga við RUV og IMG vegna útsendinga Demantsmóta IAAF í sumar. Stefnt að hefja útsendingar frá Bislett mótinu í Osló, OG samtals er áætlað að senda út sex mót í sumar auk samantekta um þrjú mót innanlands.
 - 3.3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samstarfshugmyndum við UMFÍ vegna Kids Athletics og Frjálsíþróttaskóla UMFÍ.
4. Áherslur stjórnar á komandi misserum
 - 4.1. Formaður gerði grein fyrir og lagði fram hugmyndir að þremur grunnstoðum FRÍ, þ.e. afreksíþróttum, hlaupum sem líkamsrækt og samveru og hreyfingu. Fundarmenn tóku undir tillögur formanns og samþykkt var að halda umræðum og þróun hugmynda áfram.
 - 4.2. Ályktanir frjálsíþróttabþings.
 - 4.2.1. Laganefnd ÍSÍ hefur fjallað um nýsamþykkt lög FRÍ og gerir ekki athugasemdir. Formleg tilkynning berst bráðlega.
 - 4.2.2. Vinnu við þinggerð er að ljúka.
5. Nefndaskipan. Svohljóðandi tillaga að skipan fastanefnda var lagður fram:
 - 5.1. Almenningshlaupanefnd: Form. Sigurður Pétur Sigmundsson. Aðrir: Starri Heiðmarsson, Þorlákur Jónsson, Lillý Viðarsdóttir, Hafsteinn Óskarsson.

Frjálsíþróttasamband Íslands

- 5.2. Fjárhagsnefnd: Hannes Strange gjaldkeri FRÍ er formaður. Aðrir: formaður og framkvæmdastjóri. Fleirum bætt mögulega við síðar.
 - 5.3. Fræðslu- og útbreiðslunefnd: Form. Jónas Egilsson. Aðrir: Sonja Sif Jóhannsdóttir, Alberto Borges, Lovísa Hreinsdóttir, Karen Inga Ólafsdóttir. Fulltrúi HR vegna Kids Athletics, skv. samkomulagi: Þráinn Hafsteinsson.
 - 5.4. Laganefnd: Form. Ásbjörn Karlsson. Aðrir: Sigurður Haraldsson, Stefán Bogi Sveinsson.
 - 5.5. Mannvirkjanefnd: Form. Sigurður Haraldsson. Aðrar tillögur/hugm.: Gísli Sigurðsson, Hreinn Ólafsson, Þorvaldur Víðir Þórsson.
 - 5.6. Mótanefnd: Form. Ólafur Guðmundsson. Aðrir: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Friða Rún Þórðardóttir, Hreinn Halldórsson. Einnig mun Ómar Grétar Ingvarsson starfa með nefndinni.
 - 5.7. Ofurhlauparáð: Form. Gunnlaugur Júlíusson. Aðrir: Svava Ásgeirsdóttir, Elín Reed, Gísli Ásgeirsson, Jóhann Kristjánsson.
 - 5.8. Orðunefnd: Form. Stefán Halldórsson, form. FRÍ. Aðrir: Birgir Guðjónsson, Magnús Jakobsson.
 - 5.9. Skráningarnefnd: Form. Felix Sigurðsson. Aðrir: Friðrik Þór Óskarsson, Guðmundur Sigmarsson, Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, Stefán Þór Stefánsson.
 - 5.10. Tækninefnd: Form. Birgir Guðjónsson. Aðrir: Sigurður Haraldsson, Katrín Sveinsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson. Guðmundur V. Gunnlaugsson, Rósa Marinósdóttir.
 - 5.11. Nefnd um fræðsluferfi fyrir dómara: Þorsteinn Þorsteinsson skipaður formaður og óskað verður eftir tillögum um aðra nefndarmenn frá honum.
 - 5.12. Unglinganefnd og mótanefnd. Frestað.
6. Alþjóðleg mót 2010.
 - 6.1. Ákvörðun um fararstjóra, þjálfara og annað aðstoðarfólk. Vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar og verkefnisstjóra landsliðsmála.
 - 6.2. NM unglínga á Akureyri. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi framkvæmdanefndar 9. apríl sl. Hann sagði að allar líkur væru á um 205 keppendum, fararstjórum og þjálfurum frá öðrum Norðurlöndum.
 - 6.3. MÍ 15-22 ára. UMSB hefur óskað eftir að vera leyst undan því að halda mótið. Málinu vísað til Mótanefndar og framkvæmdastjóra.
 7. Fundir og ráðstefnur.
 - 7.1. Formaður greindi frá helstu niðurstöðum Norræna frjálsíþróttabingsins 20. mars. sl. Drög að þinggerð lögð fram.
 - 7.2. Formaður mun sækja fund formanna og framkvæmdastjóra EAA (CEO Conference) í Barcelona 17. og 18. þ.m. ef flugfært verður.
 8. Ýmis mál.
 - 8.1. Lyfjamál. IAAF gerir kröfur um að keppendur á mótum á þeirra vegum undirriti yfirlýsingu um að þeir hafi ekki neytt ólöglegra lyfja. Samþykkt að láta alla keppendur á vegum FRÍ undirrita slíka yfirlýsingu. Keppendur undir lögaldri þurfa samþykki foreldra/forráðamanna. Reglur um lyfjapróf utankeppni. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra unglíngamála að koma með hugmyndir að reglum FRÍ vegna prófa utan keppni.
 - 8.2. Kids Athletics námskeið. Framkvæmdastjóri sagði að námskeiði á Akureyri hefði verið frestað vegna ónógrar þátttöku. Rætt um kynningu á verkefninu og samstarfshugmyndir við UMFÍ og mögulegt samstarf við Félag íþróttakennara á þessu sviði.
 9. Félagaskipti og ósk um keppnisrétt á Íslandi.
 - 9.1. Guðjón Þórólfsson, úr Umf. Geisla (USVH) í Breiðablik (UMSK). Umsókn dags. 15. mars 2010. Ingvar H. Guðmundsson, úr Umf. Fjölni (ÍBR) í ÍR (ÍBR). Umsókn dags. 15. jan. 2010. Ólafur Einar Skúlason, úr Umf. Dagsbrún (USVH) í Árm. (ÍBR). Umsókn dags. 12. jan. 2010. Formsatriðum í tilkynningum er fullnægt og viðkomandi hafa þegar öðlast keppnisrétt með nýju félagi.

Frjálsíþróttasamband Íslands

- 9.2. Ósk um keppnisrétt með íslensku félagi. Mark Wesley Johnsson, f. 24. nóv. 1983, hefur óskað eftir heimild til að keppa fyrir ÍR (ÍBR). Hann er bandarískur ríkisborgari, giftur íslenskri konu og hefur sótt um dvalarleyfi hér á landi. Skv. reglum FRÍ, samþ.á FRÍ þingi og reglum IAAF, hefur verið sótt um staðfestingu frá heimalandi um að viðkomandi sé löglegur keppandi í frjálsíþróttum. Beðið er staðfestingar frá Frjálsíþróttasambandi Bandaríkjanna (USAT&F).
10. Næsti fundur. Formaður ræddi um möguleika á að halda fund með öllum stjórnar- og varastjórnarmönnum og ræða þá stefnumál. Hann ætlar að koma fram með hugmyndir að fundartíma og fyrirkomulagi.
11. Önnur mál.
11.1. Unnur Sigurðardóttir ræddi undirbúning fyrir Evrópubikarinn og önnur landsliðsverkefni FRÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:40.

Sigurður Ingvarsson,

Jónas Egilsson.